

Umhverfisráðsfundur 03.05.2018

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Agnes Finnsdóttir, leiðbeinandi (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Hlín Pálsdóttir, leikskólakennari (Álfasteinn), Lína Ellertsdóttir, leikskólakennari (Brikiból) og Sigríður Sigurðardóttir, leiðbeinandi (Lundur).



Fjarverandi: *Anna Guðjónsdóttir*

Fundur hefst kl 8:30

Fundargerð

Dagskrá fundar:

- 1) Fundargerð síðasta fundar lesin.
- 2) Endurmat frá umhverfisviku?

Leyfa börnum að vera með fötur, þeim finnst svo gaman að fá að dröslast með þær. Skyrföturnar settar inn í Skipahól. Rosalegt magn af laufi rakað saman í garðinum. Spurning um að brenna. Veður var mun betra en oft áður á þessum tíma.

- 3) Moltutunnur:

Moltutunna 1: *Tilbúin til tæmingar/skoða í júní*
Moltutunna 2: *Blaut/setja í lauf og hræra í hverri viku*
Moltutunna 3: *Blaut og nýhætt í notkun (er opin)*
Moltutunna 4: *Blaut/setja í lauf og hræra í hverri viku*
Moltutunna 5: *Í notkun*
Moltutunna 6: *Tilbúin til tæmingar/skoða í júní*
Moltutunna 7: *Tóm*
Moltutunna Lundur: *Blaut*
Moltukassar inni:

Ekki fylla moltutunnur upp fyrir flöskuhálsinn.

Hræra í öllum tunnum 1 x í viku.

Næsta tæming í júní, tæma eina í einu.

Gefa sér tíma þegar farið er út með svanga Manga og hræra vel í og þá sérlega tunnu 5.

- 4) Fara yfir tunnur fyrir hvern fund. Hverjir gera það næst? Hlín og Agnes
- 5) Hvernig er vinnan við matarsóunina?
Halda áfram að vikta matarafganga, ein vika í mánuði til að halda þessu við. Taka myndir af fyrri vikum til að hafa samanburð.
- 6) Hvernig gengur að innheimta kannanir?
Það gengur illa að innheimta kannanir af mið- og yngrideildum. Lóa er ströng í Lundi. Starfsfólk þarf líka að finna sínar kannanir og skila inn.
- 7) Súlurit úr könnunum og viktun, sjá Álfasteinn og Lund.
- 8) Önnur mál

Næsti fundur verður 7. júní kl: 8:30, muna að taka dagbókina með!!

Fundi lokið: 9

Ritari fundarins: Hlín Pálsdóttir